

## Pétur Ingi Haraldsson

---

**From:** Circle Air - TLS <tls@circleair.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. júní 2019 22:11  
**To:** Pétur Ingi Haraldsson  
**Cc:** 'Thorunn Sigurdardottir'  
**Subject:** Svæði til þyrlulendinga við Hof

Heill og sæll!

Þakka góðan fund í s.l. viku.

Í samvinnu við Eldingu/Hvalaskoðun Akureyrar viljum við fá leyfi til þess að staðsetja þyrlu við suðurenda landfyllingar sem Átak og Elding hvalaskoðun stendur á (sjá mynd).

Svæðið er sem stendur ekki nýtt og hentar vel til þyrlulendinga, enda sé gætt að vörslu og afskermun í öryggisskini og í samræmi við reglur þar að lútandi.

Þá hafa hafnaryfirvöld og flugumferðarstjórn verið höfð með í ráðum, en flug um og frá höfn þarf að vera í samræmi við umferðarreglur flugvallarins.


Sótt er um bráðabirgðaleyfi til loka september mánaðar.

-----

Hugmyndin er að bjóða ferðamönnum og almenningi upp á styttri þyrluferðir á Vindheimajökul og Skólaavörðu nú í sumar.

Er að mestu horft til farþega af skemmtiferðaskipum, en í ljósi reglna Akureyrarbæjar um auglýsingar fyrirtækja og staðsetningar okkar á Akureyrarflugvelli, má ljóst vera að okkur er nokkuð örðugt að markaðssetja þessa þjónustu til „lausagöngu“ ferðamanna í bænum, enda hafa þeir skamman tíma í landi en gætu með þessu fengið snöggan aðgang og yfirsýn á Akureyri og nærsvæði í stað þess að ferðast í rútum lengra til og sjá minna af Akureyri. Þetta er líklegt til að auka umsagnir og fjölda jákvæðrar umfjöllunar um Akureyri og sveitir hennar.

Það er okkar trú að með þessu gætu styrkst möguleikar þess að hafa að staðaldri þyrlu á Akureyri, en telja má líklegt að þessari viðbót í afþreyingu fyrir ferðamenn á Akureyri verði vel tekið, enda verðlagt á þann hátt að sem flestir geti leyft sér þetta sjónarhorn.



Með von um jákvæða og skjóta afgreiðslu,

Kær kveðja,

f.h. Circle Air  
Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson

---

Thorvaldur Ludvik Sigurjonsson  
+354 859 3316

